

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2276  
komudagur. 24.6.2002

Landbúnaðarnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. júní 2002  
Sp/ák

**Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, 373. mál.**  
Tilv:02040039

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 19. apríl sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að einstaklingar fyrirtæki og félagasamtök geti hafið rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva að uppfylltum settum kröfum, í stað þess að nú getur landbúnaðarráðherra heimilað slíkt.

Bændasamtök Íslands leggja þunga áherslu á, að hvergi verði slakað á sóttvörnum við innflutning dýra eða erfðaefnis til landsins. Sú afstaða kemur einnig skýrt fram í greinargerð flutningsmanna frumvarpsins, og ekki verður séð að áformuð breyting feli í sér hættu að þessu leyti. Samtökin leggjast því ekki gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Sigurður Þorgeirsson

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2155  
komudagur 13.5.2002

**đi** ÍSLANDS  
DÝRALÆKNAFÉLAG  
Icelandic Veterinary Association · Lágmúli 7 · IS  
Pósthólf 10263 · 110 Reykjavík · Sími / Tel.: +354-568 9545

Alþingi, Landbúnaðarnefnd  
Einar Farestveit, nefndarritari  
150 Reykjavík

Reykjavík 10.maí 2002.

Dýralæknafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum. Þskj.585-373.mál.

Félagið bendir á að nú stendur yfir vinna á vegum embættisins yfirdýralæknis og landbúnaðarráðuneytisins, ekki síst vegna ályktunar Haustfundar D.Í. í nóvember 2000, við áhættugreiningu og áhættumat vegna innflutnings á gæludýrum og er niðurstaðna úr því að vænta á næstu vikum.

D.Í. leggur áherslu á að á hverjum tíma séu sóttvarnar- og einangrunarstöðvar reknar samkvæmt ströngustu kröfum miðað við áhættumat.

Rekstur einangrunarstöðva fyrir gæludýr getur verið í höndum einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og annarra sem standast ítrustu kröfur þar að lútandi.

Eftirlit með einangrunarstöðvum skal ávallt vera í höndum embættis yfirdýralæknis.

Gera verður skýran greinarmun á opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu við einangrunarstöðvar fyrir gæludýr.

Rétt er að benda á að gjaldskrá dýralækna er frjáls og því getur landbúnaðarráðherra ekki sett gjaldskrá fyrir þessa þjónustu. Gera þarf sérstaka þjónustusamninga við dýralækna sem sinna almennum dýralækningum innan einangrunarstöðva.

Gjaldskrá landbúnaðarráðherra getur einungis gilt um greiðslur vegna opinbers eftirlits.

Setja verður heildstæða reglugerð um útbúnað og rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva.

F. h. Dýralæknafélags Íslands,



Ólafur Valsson formaður D.Í.



Landbúnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Einars Farestveit  
Alþingi  
150 Reykjavík

7. maí 2002  
Snr. 11/01-1821/MH

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra**

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn dýraverndarráðs um frumvarp til laga um breytingu á 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Breytingin tekur til reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva.

Á fundi dýraverndarráðs þann 24. apríl sl. komu fram tvær skoðanir á breytingartillögunni. Annars vegar þótti edlilegt að samþykkja lagabreytinguna, þó með athugasemd við síðustu málsgrein 1. greinar. Þar segir að eigendur dýra og erfðaefnis skuli greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Til að tryggja frjálsa verðlagningu og samkeppni væri mikilvægt að sóttvarna- og einangrunarstöðvar starfi samkvæmt eigin gjaldskrá. Hins vegar þykir edlilegt að bíða með umræddar lagabreytingar á meðan lög nr. 54/1990 verða endurskoðuð í heild, sbr. tillögu til þingályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra, 654. mál. Þá fengu þessar breytingartillögur ítarlega umfjöllun í tengslum við annað í lögnum.

Virðingarfyllst,

*Maria Harðardóttir*

María Harðardóttir  
ritari

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2095  
komudagur 30.4.2002



HEILBRIGÐIS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.stjr.is

Nefndarsvið Alþingis  
Einar Farestveit, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2002

Tilvísun: HTR02040166/0030/MS/-

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 19. apríl 2002 ásamt meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Í bréfi Landbúnaðarnefndar er leitað umsagnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um áðurgreinda tillögu til þingsályktunar.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til að gefa umsögn að svo stöddu þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun tjá sig um þingsályktunina í umræðum á Alþingi ef þurfa þykir.

F.h.r.

  
Ragnheiður Haraldsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 127/2105

komudagur 7.5. 2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Einar Farestveit nefndarritari  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2002

Eins og áður hefur komið fram styður HRFÍ frumvarpið og visar í meðfylgjandi bréf sem dags. er 11.12.2000.

Bréfið var sent Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra ásamt undirskriftarlista þar sem um 1000 manns undirrituðu og mótmæltu m.a. einokunarstarfssemi stöðvarinnar svo og staðsetningu hennar.

Viðingarfyllst,  
f.h. Hundaræktarfélags Íslands,

  
Hanna Björk Kristinsdóttir



N.K.U.  
Nordisk  
Kennel Union



F.C.I.  
Fédération Cynologique  
Internationale

Síðumúla 15  
108 Reykjavík  
Sími 588 5255  
Fax 588 5269

Síðumúla 15  
108 Reykjavík  
Iceland  
Tel. +354 - 588 5255  
Fax +354 - 588 5269



**Landssamtök  
sauðfjárbænda**

*Alþingi  
Erindi nr. P 127/2122  
komudagur 10.5.2002*

Reykjavík 7. maí 2002

**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir frumvarp til laga um innflutning dýra, 373. mál, rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva. Engar athugasemdir eru að hálfu samtakanna við því frumvarpi til laga.

Fh. stjórnar Landssamtaka sauðfjárbænda

**Ózurr Lárússon  
Framkvæmdastjóri  
Bændahöllinni v/Hagatorg  
107 Reykjavík  
ls@bondi.is**

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2123  
komudagur 10. S. 2002



YFIRDÝRALÆKNIR

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík  
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160  
grænt númer 800 6800  
kt 660169-5399

Alþingi, Landbúnaðarnefnd  
Einar Farestveit, nefndaritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. maí 2002  
Tilvísun: YDL02040039/110  
HR/--

Embætti yfirdýralæknis hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Embættið bendir á að nú stendur yfir vinna á vegum embættisins, við áhættugreiningu og áhættumat vegna innflutnings á gæludýrum og er niðurstöður úr því að vænta á næstu vikum.

Embættið leggur áherslu á að á hverjum tíma séu sóttvarnar- og einangrunarstöðvar reknar samkvæmt ströngustu kröfum miðað við áhættumat.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson  
yfirdýralæknir

Æðarræktarfélag Íslands

Stofnað 1969

Aðsetur: Bændahöllinni – Pósthólf 7080  
127 Reykjavík – Sími 563 0300 – Fax 562 3058

Alþingi

Erindi nr. P 127/2106  
komudagur 7.5.2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2002


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um innflutning dýra, 373. mál, rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva.**

Æðarræktarfélagi Íslands hefur borist til umsagnar “Frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.” Þskj. 585 – 373. mál.

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands hefur fjallað um málið og sér ekki ástæðu til þess að breyta því fyrirkomulagi sem nú gildir og mælir því ekki með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. ÆÍ

  
Jónas Helgason,  
formaður